

Ed.

## 406. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 10 20. júní 1923, um sýsluvegasjóði.

Flm.: Jón Jónsson.

### 1. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum innan sýslu. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi af ábúanda hvernar jarðar, en af eiganda hvernar lóðar og húseignar í kaптúnum. Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera það ár vegaskattur af löndum og lóðum, en hann má ekki lægri vera en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignamati og ekki hærri en 6 af þúsundi, nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til í hvert sinn. En vegaskattur af húseignum skal jafnan vera helmingi lægri að hlutfallstölu en ákveðið hefir verið af löndum og lóðum.

Þegar ákveðinn er vegaskattur, skal miðað við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbætti eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, en að frádregnu áætluðu tillagi rikissjóðs, ef til þess kemur, samkvæmt 8. gr. Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum, teknum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

### 2. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Vegaskatt er hreppsfélagi heimilt að greiða úr sveitarsjóði, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögsmætum sveitarfundu, og sé till kynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþykktin er úr gildi numin með sama hætti. Jafnar þá hreppsnefnd skattinum niður með útsvörum, og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjald-daga. Nú á einhver fasteign í hreppi eða kaптúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar ekki útsvarsskyldur, eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir, og er þá hreppsnefnd heimilt að krefja eiganda um vegaskattinn sem þúsundgjald af eigninni, eftir því, sem hann er ákveðinn að lögum. — Gjald þetta hefir lögtaksrétt.

### 3. gr.

8. gr. laganna skal orða svo:

Nú er á einu ári varið meira fé úr sýsluvegasjóði og með framlagi samkv. síðari málsgr. 5. gr. en svarar 2% af fasteignaverði landa og lóða og 1% af fasteignaverði húsa, og skal þá rikissjóður greiða á móti því, sem umfram er, sem hér segir: Móts við það framlag, sem svarar til 2%—4% af land- og lóðaverði og 1%—2% af húsaverði, greiðist jafnmikið framlag úr rikissjóði, en móts við það, sem umfram er, greiðist tvöfalt úr rikissjóði.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 28 31. maí 1927.

#### 5. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 10 20. júní 1923, um sýsluvegasjóði, og gefa þau út svo breytt.

### Greinargerð.

Sýsluvegasjóðslögin frá 1923 hafa greitt mjög fyrir vegagerðum út um ýmsar sýslur landsins, enda verða þær alltaf fleiri og fleiri, sem starfrækja samþykktir samkv. þeim.

Nú hefir það komið í ljós, að með nýja fasteignamatinu er mörgum sýslum gert lítt kleift að færa sér í nyt þessi merkilegu lög. Matið á fasteignunum hefir hækkað um þriðjung, svo að sýslurnar verða að leggja á sig þriðjungi meiri útgjöld en áður til þess að geta fengið ríkisstyrk til veganna, og það þola þær alls ekki, sízt eins og nú standa sakir. Það virðist heldur engin sanngirni í því að refsar harðlega þeim mönnum, sem reisa sér vönduð íbúðarhús, með því að láta þá greiða margfaldan vegaskatt móts við hina, sem ekki standa í slíkum framkvæmdum. Í frv. er því horfið að því ráði að ákveða húsaskattinn helmingi lægri en skattinn af löndum og löðum.

Þá virðist fyllilega réttmætt að miða framlög ríkissjóðs við það fé frá sýslubúum, sem varið er til sýsluvega á sama ári, hvornig sem þess er aflað innan héraðs, hvort heldur með sýsluvegaskatti eingöngu eða bæði með sýsluvegaskatti og framlögum frá einstökum hreppum eða vegafélögum. Þess háttar fjáröflun er eingöngu innanhéraðsmál.

Heppilegra virðist að hafa öll ákvæði um sýsluvegasjóðina í einum lögum. Ákvæði laga nr. 28 31. maí 1927 eru því felld inn í frv. þetta og gert ráð fyrir, að það, ef að lögum verður, verði svo felld inn í upphaflegu lög.

Þess skal getið, að vegamálastjórinn er frumvarpi þessu fyllilega samþykkuur og hefir látið flutningsmanni í té álit um lækkun húsaskattsins og skýrslur um framkvæmd laganna frá 1923, sem prentað er sem fylgiskjöl.

### Fylgiskjal.

#### Álit vegamálastjóra.

Það má óhætt telja, að lög þau, er sett voru 1923 um samþykktir um sýsluvegasjóði, hafi reynzt vel, 9 sýslur hafa fram til þessa notað heimildina og umbætur hafa þar orðið miklar á sýsluvegunum, því víðast hefir fasteignaskatturinn verið í hámarki 6% eða nálægt því.

Skattstiginn var í lögnum miðaður við fasteignamatið frá 1922, en þar sem nýja matið er nú víðast mjög miklu hærra, þá þykir mér sanngjarnt, að ákvæðinu um skattinn verði breytt nokkuð til samræmis við það. Í meðfylgjandi skýrslu er meðal annars samanburður á fasteignamati skattskyldra fast-

eigna í þessum 9 sýslum 1931 og nýja matinu á sömu eignum, eftir því sem næst verður komið. Er hækkunin æðimisjöfn, allt frá 6,8% upp í 131,0%. Er því sýnilegt, að yfirleitt þarf nú allmiklu hærri heildarframlög frá sýslu en áður til þess að njóta tillags frá rikissjóði í sama hlutfalli. Kemur því fram að óbreyttum lögnum raunveruleg lækkun á tillagi rikissjóðs til vegasjóðanna.

Þegar lögin frá 1923 voru sett, var helzt að því fundið, að skatturinn væri nokkuð hár af húsum, og í nýja matinu munu það nú einmitt vera húsin á jörðum í sveit og í kaupþúnunum, sem hleypa mest fram matinu. Um nokkurn sam-  
anburð að þessu leyti vísast til meðlagðrar skýrslu, er sýnir, að meðalhækkun á húsamatinu í þessum 9 sýslum frá 1922 er 102,7%.

Er þannig enn frekar en áður vegaskatturinn alltilfinnanlegur, þar sem mestu hefir verið kostað til húsabygginga á síðustu árum, og þykir því eðlilegt og sanngjarnt að láta lækkun skattstigans einmitt koma fram á húseignum.

Samkvæmt nýja matinu kemur í ljós, að upphæð skattsins í þessum 9 sýslum mun haldast að meðaltali sem næst hin sama og verið hefir með því að hafa skattinn af húsum hálfu lægri en af landi og lóðum. Þykir því heppilegt að láta breytingu á gildandi ákvæðum einmitt koma fram í helminglækkun húsa-  
skattsins.

Meðfylgjandi skýrsla nær aðeins til þeirra 9 sýslna, þar sem nú eru sýslu-  
vegasjóðir, en ég hygg, að hlutföllin muni svipuð í öðrum sýslum.

Í 3. gr. núgildandi laga er ákveðið lágmark skatts 1½% af virðingarverði fasteigna og hámark 6%, og í 8. gr. er ákvæði um, hvernig miða skuli hlutfalls-  
tillag rikissjóðs við ‰ (pro mille) gjald af skattskyldum fasteignum. Þar sem nú samkvæmt frv. er gert ráð fyrir öðru ‰ gjaldi af húseignum en lóðum og löndum, er nauðsynlegt viðaukaákvæði það, sem sett er í 2. gr. frv.

Til yfirlits um framkvæmd laganna um sýsluvegasjóði fylgir skýrsla um fasteignaskatt til sýsluvegasjóða og önnur framlög hlutaðeigenda 1925—1932 (fskj. 2.). Gjöld rikissjóðs og hlutaðeigenda samkv. lögnum hafa orðið sem hér segir:

	Rikissjóður	Hlutaðeigendur
1925 .....	kr. 7854,94	kr. 19503,64
1926 .....	— 28673,37	— 47371,30
1927 .....	— 32546,25	— 50448,62
1928 .....	— 68427,43	— 79086,95
1929 .....	— 93152,41	— 101067,89
1930 .....	— 101196,54	— 112047,85
1931 .....	— 123072,42	— 133088,79
1932 .....	— 101275,98	— 123807,09
Samtals	kr. 556199,37	kr. 666422,13

Reykjavík, 3. apríl 1933.

Geir G. Zoëga.

**Fskj. 1.**

**SAMANBURÐUR**

á gamla og nýja fasteignamatinu með tilliti til vegaskatts.

Sýsla	Gamla fasteignamatið 1931	Nýja fasteignamatið 1932	Hækkun %	Húsaverð 1922	Húsaverð 1932	Hækkun %	Landverð og húsaverð 1932
1. Rangárvallasýsla	26766,0	28586,0	6,8	7883,0	12960,0	64,4	22106,0
2. Gullbringusýsla	40133,0	48641,0	21,2	15001,0	30371,0	102,5	33455,5
3. Mýrasýsla	12371,0	28574,0	131,0	5771,0	16665,0	188,8	20241,5
4. Dalasýsla	11646,5	16236,0	39,4	3651,0	6088,0	66,7	13192,0
5. Vestur-Húnavatnssýsla	10480,0	14248,0	35,9	3182,0	5868,0	84,4	11314,0
6. Austur-Húnavatnssýsla	15184,0	22428,0	47,7	4846,0	10180,0	108,8	17338,0
7. Skagafjarðarsýsla	29241,0	36668,0	25,4	8549,0	16744,0	95,9	28296,0
8. Eyjafjarðarsýsla	43687,5	49151,0	12,5	15622,0	26971,0	72,6	35665,5
9. Suður-Pingeyjarsýsla	28710,0	43355,0	51,0	9923,0	25108,0	153,0	30801,0
Samtals	218219,0	287887,0	»	74458,0	150955,0	»	212409,5
Meðaltal	»	»	31,9	»	»	102,7	»

**Fskj. 2.**

**SKÝRSLA**

um fasteignaskatt til sýsluvegasjóða og önnur framlög hlutaðeigenda 1925—1932.

	1925			1926			1927			1928		
	Fasteigna-skattur		Viðauka-framlög	Fasteigna-skattur		Viðauka-framlög	Fasteigna-skattur		Viðauka-framlög	Fasteigna-skattur		Viðauka-framlög
	%	kr.	kr.	%	kr.	kr.	%	kr.	kr.	%	kr.	kr.
Rangárv.s.	3,7	8257,66	561,78	3,7	8454,50	2229,95	3,7	8718,68	1748,14	3,7	9043,54	2105,79
Gullbringus.	4,0	10684,20	»	5,0	13499,75	»	5,5	15316,40	»	4,5	12744,45	»
Mýrasýsla	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
Dalasýsla	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
V.-Húnav.s.	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
A.-Húnav.s.	»	»	»	»	»	»	»	»	»	6,0	8676,90	5516,67
Skagafj.s.	»	»	»	5,0	11525,50	»	5,0	11729,00	640,00	6,0	15020,40	547,00
Eyjafjarðars.	»	»	»	3,0	11661,60	»	3,0	12296,40	»	6,0	25432,20	»
S.-Þing.s.	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
Samtals	»	18941,86	561,78	»	45141,35	2229,95	»	48060,48	2388,14	»	70917,49	8169,46
	1929			1930			1931			1932		
	Fasteigna-skattur		Viðauka-framlög	Fasteigna-skattur		Viðauka-framlög	Fasteigna-skattur		Viðauka-framlög	Fasteigna-skattur		Viðauka-framlög
	%	kr.	kr.	%	kr.	kr.	%	kr.	kr.	%	kr.	kr.
Rangárv.s.	3,7	9217,07	2470,60	4,2	10933,44	2155,68	4,2	11241,72	5680,38	3,0	8025,00	6925,00
Gullbringus.	5,2	15171,52	»	4,6	14458,49	»	6,0	19480,50	»	6,0	24079,80	»
Mýrasýsla	6,0	7422,60	»	6,0	7422,60	»	6,0	7422,60	»	1,5	4280,55	»
Dalasýsla	6,0	6863,85	»	6,0	6863,85	»	6,0	6863,85	»	1,5	2435,00	»
V.-Húnav.s.	»	»	»	6,0	6288,00	7500,00	6,0	6288,00	5900,00	6,0	6288,00	1200,00
A.-Húnav.s.	7,0	10628,80	5400,00	6,0	9110,40	3816,67	6,0	9110,40	1737,50	6,0	9110,40	2758,90
Skagafj.s.	6,0	15119,70	3039,75	6,0	15433,80	2330,32	6,0	15687,90	3642,44	6,0	15700,00	3515,00
Eyjafjarðars.	6,0	25734,00	»	6,0	25734,60	»	6,0	26212,50	1414,00	6,0	27112,44	»
S.-Þing.s.	»	»	»	»	»	»	5,0	12407,00	»	5,0	12377,00	»
Samtals	»	90157,54	10910,35	»	96245,18	15802,67	»	114714,47	18374,32	»	109408,19	14398,90